

Öryggisáætlun Ferðafélags Akureyrar

Ferðir

2. Þáttur: Þátttakendur

Þátttakendur: Kröfur og ábyrgð	FFA: Hlutverk og ábyrgð
<p>Þátttakendur þurfa að kynna sér ferð sem þeir eru skráðir í og huga vel að þeim búnaði sem þarf í hverja ferð. Það er hægt að gera á heimasíðu félagsins og með því að hafa samband við skrifstofu eða fararstjóra.</p> <p>Þátttakendur þurfa að kynna sér:</p> <ul style="list-style-type: none">• Lýsingu á ferð• Erfiðleikastig ferðar• Búnaðarlista viðkomandi ferðar <p>Ábyrgð þátttakenda í ferðum með FFA:</p> <ul style="list-style-type: none">• Farþegar ferðast með FFA á eigin ábyrgð• FFA tryggir hvorki farþega sína né farangur þeirra og hvetur fólk til að kynna sér eigin heimilistryggingar eða kaupa ferða- og slysatryggingu <p>Þátttakendur bera sjálfir ábyrgð á að:</p> <ul style="list-style-type: none">• Veita réttar upplýsingar til FFA um nafn, kennitölu, símanúmer, netfang og símanúmer aðstandenda• Meta hvort ferðin hentar þeim út frá lýsingu ferðar, erfiðleikastigi og mati á eigin getu• Greiða rétt gjald í ferð þ.e. fá félagsmannaafslátt	<p>FFA birtir árlega upplýsingar um ferðir í ferðaáætlun á heimasíðu FFA, Facebook, visitakureyri.is og á heimasíðu FÍ.</p> <p>FFA sér um að:</p> <ul style="list-style-type: none">• Lýsing á ferð sé eins ítarleg og frekast er unnt og komi fram á heimasíðu FFA. Við hverja ferð séu upplýsingar um:<ul style="list-style-type: none">○ erfiðleikastig sem viðmið○ vegalengd og gönguhækkun○ viðmið um tímalengd• Vísa í búnaðarlista við hverja ferð á heimasíðu• Áskráningarblaði sé beðið um nauðsynlegar upplýsingar frá þátttakendum s.s. símanúmer aðstandenda• Upplýsingar um ábyrgð þátttakenda séu aðgengilegar á heimasíðu FFA og séu birtar:<ul style="list-style-type: none">○ í öryggisáætlun fyrir hvert erfiðleikastig á ferð○ á heimasíðu FFA undir ferðaáætlun og öryggisáætlun• Veita upplýsingar um viðkomandi fararstjóra með samþykki hans t.d. á heimasíðu FFA